

Valgreinadagar á Reykjaskóla 27. og 28. September 2019.

Sameiginlegir valgreinadagar Grunnskóla Húnaþings vestra, Blönduskóla og Húnavallaskóla fyrir nemendur 8. – 10. bekkjar. Verkefnið er þróunarverkefni sem skólarnir hafa fengið styrk til að vinna að. Seinni sameiginlegi valgreinadagurinn verður á Blönduósi 13. of 14. mars. Markmið verkefnisins er að auka fjölbreytni valgreina og styrkja tengsl nemenda í áhugategndu starfi.

Framreiðsla og þjónusta (hámark 20 nemendur)

Kynning á menntun og starfi framreiðslumanna. Nemendur læra að leggja á borð og skreyta borðin fyrir mismunandi tækifæri. Nemendur læra að gera óáfenga kokteila.

Zumba, jóga og útileikir (hámark 40 nemendur)

Byrjað á zumba og að því loknu verður jóga. Eftir jóga verður farið í útileiki:

- Ein króna
- Finna hluti
 - Nefnið hlut sem byrjar á tilteknum bókstaf, t.d. S. Keppendur fá síðan 5 mínútur til að finna sem flesta hluti í náttúrunni sem byrja á þeim bókstaf. Sá vinnur sem finnur mest. Hægt er að keppa í liðum eða sem einstaklingar.)
- Þrír hlutir.
 - Einn er hann. Hann bendir á þrjá hluti í umhverfinu, t.d. eitthvað tré, stein og þúfu. Á meðan sá sem er hann telur hægt upp að fimmtán, hátt og snjallt — með lokuð augun — reyna allir hinir að snerta hlutina þrjá, á hlaupum, og koma til hans. Þeir eru þá komnir í höfn. Ef einhver sér að hann mun ekki ná að snerta alla hlutina reynir hann að fela sig. Ef sá sem er hann sér hann, þá er hann fundinn og er úr leik. Svo er talið aftur, og reynt að klára að snerta alla hlutina eða fela sig. Sá sem er síðastur er hann næst.
- Tveir og tveir saman í Tomma og Jenna leik.
- Boðhlaup.
 - Skipt upp í nokkur lið og vera með allskonar í boðhlaupinu s.s. ganga aftur á bak, halda á appelsínu í hálsakoti og svo framvegis.
- Nafnaleikur
 - Allir sitja í hring. Sá fyrsti kastar boltanum til einhvers, en áður en viðkomandi grípur, verður hann að nefna nafn þess sem kastaði. Takist það ekki er hann úr. Hægt er að breyta leiknum og láta hlut fara á milli allra og segja nafnið á þeim sem kastað er til. Mikilvægt er að allir muni röðina sem boltinn fór því endurtaka má hringinn. Svo má bæta við fleiri boltum/hlutum þar sem hver hlutur stendur fyrir ákveðinn hlut, t.d. uppáhalds mat. Þegar hlutirnir hafa farið prufuhring eiga þátttakendur að reyna láta boltana fara eins hratt á milli allra á sama tíma og hægt er.
- Hlaupa í skarðið
- Öskurleikur
 - Þátttakendur skiptast í tvö lið sem raða sér upp hvort andspænis öðru í sinn hvorum enda herbergisins. Hvort lið velur sér einn raddsterkan úr sínum hópi. Þeir koma sér fyrir á stólum að baki óvinalínu. Stjórnandinn hvíslar nú orðum að þessum tveim (sitt hvort en álíka löng). Nú reynir hvor um sig að hrópa orðið yfir til síns liðs, en bæði liðin öskra til að hindra óvinaliðið í að heyra sitt orð. Um leið og einhver heyrir orðið flýtir hann sér til stjórnanda og liðið hefur sigrað ef orðið er rétt.
 -

Vatnslitamálan og þekjulitir - (hámark 15 nemendur)

Unnið verður með vatnslitamálan og þekjuliti.

Eldað úti - bakað brauð og köku á eldi. (hámark 20 nemendur)

Eldað verður samkvæmt aðferðum útikennslu. Undirbúningur fyrir eldamennsku. Bakað brauð og köku á eldi o.fl.

Nýsköpunar og legósmiðja. (hámark 20 nemendur)

Jóhann Breiðfjörð mætir með um 100 kíló af tækni-LEGO-kubbum og fá nemendur að njóta sín við hönnun og smíði úr þeim. Nemendur læra m.a. að nota tannhjól, gírun, mótora og fleira og fá aðstoð við að skapa eigin módel.

Spilasmíðja (hámark 20 nemendur)

Nokkrar tegundir mismunandi spila verða kynntar og spilaðar í spilavali. Nemendur fara á milli svæða á ákveðnum tímum og spila ólík spil. Athugið til að allt geti gengið upp er ekki hægt að “valsa” frjálst um heldur verður að halda sig við ákveðið svæði í ákveðinn tíma.

- Hraðaspil – t.d. Speed cups, Tvenna, Alles Kanone/Alles Tomate, Blink, Geistes Blitz og Wig out.
- Spil með tölum – t.d. 11 nimmt, Nmbr9, Pit, 7 ate 9, Sequence dice, Heckmeck
- Spil með orðum – t.d. Bananagrams, Alias, Fimbulfamb, Orðaleit – borð, Orðaleit - skífa, Sprengjuspilið, Teninga Alias.
- Borðspil – T.d. Catan, Elfenland, Dixit – fleira í skoðun. (Ticket to ride?)
- Kaplar – 10, píramíðakapall, sortirnar, ferna og fleira gott.

Listasmíðja - lifandi listaverk (hámark 16)

Lifandi listaverk, nemendur endurskapa og setja upp málverk frægra listamanna. Myndlist, leiklist og ljósmyndun í einu verkefni. Í boði Inese Elferte er að kynnast frægum listamönnum og myndum þeirra. Á staðnum verður efni og föt til að komast í hlutverk málverksins.

Blak, bandý og, teygjur og sund. (hámark 20)

Kennt og spilað blak og bandý. Nemendur fá kennslu við að teygja eftir æfingar og slaka svo á í sundi eftir erfiðið.

Dungeons and dragons (hámark 20)

Leikurinn getur verið mjög fjölbreyttur eftir söguþræði og þátttakendum. Upprunalegi leikurinn er hannaður sem borðspil með miðaldarstíl en í raun og veru getur hann einnig verið hannaður út frá daglegu lífi, út frá hvaða viðfangsefni sem er.